

skal skipaður við hann fastur kennari, er stýrir kennslunni sem forstöðumaður skólans, og hefir á hendi hina næstu umsjón yfir öllu fyrirkomulagi hans. Til aðstoðar við kennsluna má taka einn eður fleiri tímakennara.

**98. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptysfir- 29. desbrm.
valdanna á Íslandi, um reikninga stiptysbókasafnsins
í Reykjavík.**

Kirkju- og kennslustjórnin hafði í bræfi dags. 30. janúar-
mán. þ. á. skorað á yður, herra stiptamtmaður, og yður háæru-
verðugi herra, að senda hingað reikninga stiptysbókasafnsins
íslenska fyrir árin 1859, 1860, 1861 og 1862, eptir að stjórn
bókasafnsins hefði tilhlýðilega endurskoðað þá, og stiptysfirvöldin
lagt á þá úrskurð sinn; var einnig skorað á yður að senda
skýrslu um ástand bókasafnsins og stjórn þess. Nú hefir stjórn-
arráðið með bræfi yðar, dags. 12. októberm. þ. á., meðtekið
reikninga þessa m. m.

Í þessu efni hefir stjórnarráðinu þótt hlýða að gjöra nokkrar
athugasemdir yður til leiðbeiningar framvegis:

Reikningarnir virðast í ýmsum greinum vera ófullkomnari en
vera ber; þannig virðist hafa átt að tilfæra sem tekjur allt það,
er fengizt hefir fyrir útlán bóka, og sem gjöld laun bókavardar-
ins. Þegar keypt hafa verið ný skuldabréf fyrir bókasafnið,
þá hefði enn fremur átt að tilgreina, hvað þau hafa kostað,
þaræð óuppsegjanleg konungleg skuldabréf eru vön að geta fengizt
fyrir minna en þau hljóða upp á; svo væri og réttast, að þess
væri getið í reikningunum við hvert skuldabréf til frekari skýr-
ingar, hvort það væri uppsegjanlegt eður óuppsegjanlegt, og hversu
háir vextir væru af því. Í 4. grein í statútunum frá 15. nóvem-
bermán. 1826, sem staðfestar hafa verið af konungi, er
ákveðið, að stjórnendur stiptysbókasafnsins ættu að endurskoða
reikninga þess og senda þá síðan stiptysfirvöldunum til úrskurðar,
en þeirri ákvörðun hefir eigi hlýtt verið á þann hátt, sem fyrir-
skipað er, þaræð sýnilegt er af því, sem stjórnendur bókasafns-

1863. ins hafa ritað á reikningana, að þeir hafa að mestu leyti látið
 29. desbrm. sér nægja að bera þá aðeins saman við fylgiskjölin, en hafa ekki að öðru leyti rannsakað, hvort þeir væru réttir; en stiptsyfirvöldin hafa öldungis sleppt að leggja á þá úrskurð sinn. Loksins hefir eigi heldur verið farið eptir þeirri ákvörðun í 3. gr. í statútunum frá 7. d. júlímán. 1856, sem einnig hafa staðfestar verið af konungi, að auka skuli hinn fasta sjóð bókasafnsins um 50 rdl. á ári, og hefði það verið skylda endurskoðunarmanna reikninganna að rannsaka, hvort gild ástæða hefði verið til að bregða útaf þessu.

Hvað þvínæst snertir stjórn bókasafnsins, þá eru þau mismíði á henni, að annar af stiptsyfirvöldunum einnig er reikningshaldari, og að auk hans eru aðeins tveir menn í stjórninni, þarsem þó svo er ákveðið í statútunum frá 15. d. nóvembermán. 1826, 3. grein, að ætíð skuli vera að minnsta kosti fjórir menn í stjórninni.

Samkvæmt ofangreindum athugasendum verður stjórnarráðið að skora á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að bæta tveim mönnum við stjórn bókasafnsins, og gæta þess, að hèreptir verði gjörður fullkominn reikningur um bókasafnið, og sendur stjórn þess með nægum skilríkjum, og að hún síðan reglulega rannsaki reikninginn og að stiptsyfirvöldin leggi úrskurð á hann samkvæmt áðurgreindum statútum frá 15. nóvembermán. 1826. Enn fremur vonast stjórnarráðið eptir, að reikningar bókasafnsins verði auglýstir á prenti, svo sem fyrirskipað er í konungsúrskurði 2. d. marzmán. 1861¹.

¹) Sjá br. dómismálastj. 21. marzm. 1861, 447 bls. hér að framan.